



Ársskýrsla 2008

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna, kostun námskeiðahalds og námsefnisgerðar og jafnframt að styrkja fyrirtæki til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Þann 1. júní hækkaði iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins um 0,05% samkvæmt kjarasamningi og er er nú 0,20% af heildarlaunum félagsmanna VR/LÍV. Aðildarfélagin greiða móttframlag sem svarar ¼ af greiddu framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu iðgjaldi að uppfylltum skilyrðum sjóðsins og lækkar þá iðgjaldið um 0,10% ef stjórn sjóðsins samþykkir þau.

Þau skilyrði sem sett eru fyrir lækkun iðgjalds til fyrirtækja eru m.a. að þau sýni fram á að virk endurmenntunarstefna sé til staðar og að starfsmenn hafi tækifæri til að sækja bæði fagnámskeið og almenn námskeið. Kostnaður vegna þessa þarf að vera hærri en sem nemur 0,20% af heildarlaunum starfsmanna. Undanþágan gildir til eins árs fyrsta árið og eftir það til tveggja ára í senn.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs.

Fyrir hönd SA sátu í stjórn Sigurður Jónsson (SVP), formaður frá 9. apríl en hann lét af störfum í maí. Þann 14. ágúst tók Andrés Magnússon (SVP) við formennsku. Aðrir stjórnarmenn SA voru Anna Rós Ívarsdóttir (VÍS), Svanur Valgeirsson (Debenhams) og varamenn voru þeir Hannes G. Sigurðsson (SA) og Ingi Bogi Bogason (SI) til 5. desember en þá tók við Sigríður Anna Guðjónsdóttir (SVP).

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn sjóðsins Stefanía Magnúsdóttir (VR), formaður til 9. apríl, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Guðrún Erlingsdóttir (deild VR. Vestmannaeyjar) fram í ágúst en þá tók við Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (FVSA). Varamaður fram í ágúst var Rannveig Sigurðardóttir (VR) en þá tóku við Guðrún Erlingsdóttir (VR) og Margrét Ingbórsdóttir (Vmf. Suðurlands).

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og verða því formannaskipti næst árið 2010.

Starfsmaður sjóðsins er Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir frá Deloitte.

Störf stjórnar á tímabilinu

Samtals voru haldnir 10 stjórnarfundir á árinu.

Endurnýjaður var samstarfssamningur milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, SVS og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina til eins árs með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Fagráð stýrir og ber ábyrgð á verkefninu en megin markmið samningsaðilanna er að efla fagmenntun á sviði verslunar- og þjónustu og leitast við að ná samlegðaráhrifum við aðra starfsemi FA.

Rætt var um verslunarstjóranám og þær breytingar sem hafa orðið á því eftir að það fluttist frá Verzlunarskólanum til Háskólans á Bifröst þar sem það hefur bæði þyngst og kostnaður tvöfaldast. Lagt var til að Fagráð myndi hafa meiri stýringu á náminu en jafnframt bent á að það væri ekki niðurgreitt af ríkinu þrátt fyrir að vera ígildi hluta stúdentsprófs.

Yfirsattanefnd RSK hnekkti ákvörðun skattjóra á skattlagningu vegna námstyrks til félagsmanns og því er staðfest að kostnaður vegna náms er frádráttarbær skatti. VR ráðlagði félagsmönnum sínum að kæra til RSK ef þeir hefðu verið skattlagðir vegna styrkja á árinu 2007.

Sjóðurinn tapaði umtalsverðu fé í kjölfar bankahrunsins vegna eigna sinna í peningamarkaðsbréfum og sjóði 1 hjá Glitni. Ekki hefur verið gert upp í þessum sjóðum um áramót.

Rætt var um mikilvægi þess að sjóðurinn kæmi að einhverju leiti að auknu framboði námsefnis vegna atvinnuleysis félagsmanna. Samþykkt var í framhaldinu bráðabirgðaákvæði á 10 gr. starfsreglna sjóðsins þar sem styrkur hækkar í 75% fyrir atvinnulausa félagsmenn árið 2009 og fellur ákvæðið niður nema annað sé ákveðið

Vinnufundi vegna yfirferðar á starfsreglum og samþykktum sjóðsins var frestað fram yfir ármót.

Styrkir til félagsmanna

Samtals voru veittir 5.797 styrkir til einstaklinga. Þar af á höfuðborgarsvæðinu 5.043 og 754 á landsbyggðinni. Heildarupphæð greiddra styrkja var um 132,6 milljónir en iðgjöld atvinnurekenda og stéttarféлага um 160,6 milljónir.

Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana

Heildarupphæð greiddra styrkja á árinu var rúmlega 2,5 milljónir.

Samþykktir styrkir á árinu:

- Mímir símenntun – „Tilraunaverkefni um útgáfu á geisladisk og kynningarefni vegna náms- og starfsráðgjafar“ – kr. 2.000.000.
- Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) – „Gestamóttökunámskeið“ – 50% af kostnaði pr. félagsmann.

- Rannsóknarsetur verslunarinnar, Fagráð verslunar- og þjónustugreina og Capacent - „Rannsókn á starfsmenntaþörf í verslun- og þjónustugreinum“ – kr. 2.000.000.
- Skeljungur – „Sölu- og þjónustunámskeið“ – 50% af kostnaði pr. félagsmann.
- KAXMA – „Fræðslumyndbandið þjónusta – fjöregg viðskiptalífsins“ kr. 750.000.
- Rannsóknarsetur verslunarinnar – „Umhverfismál í innkaupavagninn“ – kr. 2.000.000.
- Kaffitár – „Þjónustu – og sölunámskeið“ – 50% af kostnaði pr. félagsmann
- Stéttarfélag Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Vesturlands – „Úr mínus í plús“ – 50% af kostnaði pr. félagsmann.
- Hreint ehf – „SR training“. – 50% af kostnaði pr. félagsmann.
- Mímir símenntun og Fosshótel – „Færni í ferðaþjónustu“ – 75% af kostnaði pr. félagsmann.

Ný fyrirtæki sem fengu lækkun frá iðgjaldi sjóðsins úr 0,15% í 0,05% til eins árs.

OgFjarskipti og Penninn.

Fyrirtæki sem endurnýjuðu undanþágu sína til næstu tveggja ára

Lyfja og Icelandair.

Fyrirtæki sem sóttu ekki um endurnýjun á lækkun til iðgjalds eða endurnýjun var ekki samþykkt

Kaupping, Deloitte, Deloitte FAS og Annata.